

# SAMPYKKT

## fyrir Veiðifélag Holtamannaafréttar.

1. Félagið heitir Veiðifélag Holtamannaafréttar.
2. Heimili þess og varnarþing er í Rangárvallasýslu.
3. Félagið tekur yfir Kvíslarveitur og önnur vötn á Holtamannaafrétti og læki ásamt öllu vatnakerfi afréttarins nema Þjórsá, auk sameiginlegra vatna Landmannaafréttar og Holtamannaafréttar: Þórisvatn, Krókslón, Hrauneyjarfosslón og Tungnaá frá mörkum afréttanna við Krókslón að kláfferju (skammt fyrir ofan Hald). Aðild að félaginu eiga allar jarðir í eftirtöldum hreppum: Ásahreppi, Djúparhreppi, Holtahreppi og Landhreppi ásamt Næfurholti og Hólum í Rangárvallahreppi, en þær eru:

### Í Ásahreppi:

Ás I  
 Ás II  
 Ás III  
 Ás IV  
 Áshóll  
 Ásmúli  
 Ásmundarstaðir I, vesturbær  
 Ásmundarstaðir II, austurbær  
 Ásmundarstaðir III  
 Berustaðir I  
 Berustaðir II  
 Bólstaður  
 Borgarholt  
 Efri-Hamrar  
 Framnes  
 Hamrahóll  
 Hárlaugstaðir  
 Heiði

Hellnatún I  
 Hellnatún II  
 HERRÍÐARHÓLL  
 Húsar II, austurbær  
 Húsar I, austurbær  
 Kálholt  
 Kastalabrekka  
 Krókur  
 Lindarbær  
 Lækjartún  
 Rifshalakolt I  
 Sumarliðabær I, efri  
 Sumarliðabær II, neðri  
 Sel  
 Syðri-Hamar I, vesturbær  
 Syðri-Hamar II, austurbær  
 Vetleifsholt I  
 Vetleifsholt II  
 Þjórsártún

### Í Djúparhreppi:

Bali I  
 Bali II  
 Bjarg  
 Bjóla I  
 Bjóla II  
 Bjóluhjáleiga  
 Borgartún I, suðurbær  
 Brautartunga  
 Brekka  
 Búð  
 Dísukot I  
 Dísukot II  
 Eyrartún  
 Hábær I  
 Hábær II  
 Háfshjáleiga  
 Háfur  
 Háirimi I  
 Háirimi II  
 Hali  
 Háiteigur  
 Hávarðarkot  
 Hrafnóftir I  
 Hrafnóftir II  
 Hraukur  
 Húnakot

Jaðar  
 Litla-Rimakot  
 Melur  
 Miðkot  
 Norður-Nýibær  
 Oddspartur  
 Rangá  
 Sandhólaferja  
 Sigtún  
 Skarð  
 Skinnar  
 Smáratún  
 Sólbakki  
 Stóra-Rimakot  
 Suður-Nýibær  
 Tjörn  
 Tobbakot I  
 Tobbakot II  
 Unuhóll I, vesturbær  
 Unuhóll II, austurbær  
 Vatnskot I  
 Vatnskot II  
 Vesturholt  
 Ægissíða I  
 Ægissíða II  
 Ægissíða III  
 Önnupartur

*Í Holtahreppi:*

Árbæjarhellir  
 Árbæjarhjáleiga  
 Lyngás  
 Litla-Tunga II  
 Brekkur I  
 Syðri-Rauðalækur  
 Meiri-Tunga I  
 Meiri-Tunga III  
 Þjóðólfshagi I  
 Fosshólar  
 Hvammur  
 Laugaland með Nefsholti II  
 Marteinstunga  
 Þjálmholt  
 Ölversholtshjáleiga  
 Mykjunes  
 Skammbeinsstaðir II  
 Skammbeinsstaðir IV  
 Lækur I  
 Akbraut  
 Stúflholt II  
 Kaldárholt  
 Hagi  
 Kvíárholt  
 Raftholt  
 Kambur

Árbær  
 Heiðarbrún  
 Litla-Tunga I  
 Efri-Rauðalækur  
 Brekkur II  
 Arnkötlustaðir  
 Meiri-Tunga II  
 Meiri-Tunga IV  
 Þjóðólfshagi II  
 Lýtingsstaðir  
 Nefsholt I  
 Gata  
 Hallstún  
 Ölversholt  
 Pula  
 Skammbeinsstaðir I  
 Skammbeinsstaðir III  
 Þverlækur  
 Lækur II  
 Stúflholt I  
 Saurbær  
 Ketilsstaðir  
 Guttormshagi  
 Hreiður  
 Gíslholt  
 Kaldakinn

*Í Landmannahreppi:*

Austvaðsholt I  
 Árbakki  
 Efra-Sel  
 Flagbjarnarholt efra  
 Galtalækur  
 Heysholt  
 Hjallanes I  
 Holtsmúli II  
 Húsagarður

Hvammur, suðurbær  
 Leirubakki I  
 Lunansholt  
 Múli með Litla-Klofa  
 Réttarnes  
 Skarfanés  
 Stóri-Klofi  
 Eskiholt  
 Ósgröf  
 Stóru-Vellir  
 Vatnagarður  
 Þúfa

Austvaðsholt II  
 Bjalli  
 Fellsmúli  
 Flagbjarnarholt neðra  
 Hellar  
 Hjallanes I  
 Holtsmúli I  
 Hrólfsstaðahellir með Tjörfastöðum  
 Hvammur, norðurbær, með Árbæ  
 og Hvammi III  
 Króktún  
 Leirubakkahóll  
 Lækjarbotnar  
 Neðra-Sel  
 Skarð með Skarðseli  
 Snjallsteinshöfði  
 Borg  
 Mörk  
 Skarðstorfa  
 Yrjar  
 Vindás  
 Lunansholt II

*Í Rangárvallahreppi:*

Næfurholt

Hólar

4. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Um málefni annarra vatna á félagssvæðinu en Þórisvatns, Hrauneyjarfosslóns, Krókslóns og Tungnaár sbr. 3. grein fjalla aðeins atkvæðisbærir aðilar úr Ásahreppi og Djúpárhreppi. Þó skal aðeins leyfð stangaveiði í Þórisvatni.

5. Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur og skulu þeir kosnir þannig að einn verði úr hverjum eftirtalinnna hreppa: Ásahreppi, Holtahreppi, Djúpárhreppi og Landhreppi ásamt Næfurholti og Hólum. Fimmti stjórnarmaðurinn skal kjörinn úr Ásahreppi eða Djúpárhreppi. Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár. Tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll heimili eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal fjóra varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að tveir varamenn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið, og hinir hitt árið.
6. Stjórn félagsins hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
7. Aðalfund skal halda ekki síðar en í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
8. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf og skal hafa sérstakt reikningshald fyrir A- og B-deildir félagsins samkv. 9. grein.
9. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá er verði í tveimur deildum:
  - A: Þórisvatn, Krókslón, Hrauneyjarfosslón og Tungnaá sbr. 3. grein.
  - B: Önnur vötn á Holtamannaafretti nema Þjórsá.
 Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
10. Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. júní 1992.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Veiðifélag Hafralónsár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Hafralónsár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns félagsins á hverjum tíma.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hafralónsá, en þær eru: Syðri-Brekkur I, Syðri-Brekkur II, Hallgilsstaðir I, Hallgilsstaðir II, Tungusel, Þorsteinsstaðir, Syðra-